



Reykjavík, 16.maí. 2024

Bergþórugata 59 – fyrirspurn, svarir – USK24040067

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Berglindar Rósar Magnúsdóttur, dags. 6. apríl 2024, um að setja svarir á fyrstu hæð hússins á lóðinni nr. 59 við Bergþórugötu, samkvæmt uppdr. Luigi Bartolozzi, dags. 6. apríl 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra .



Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarbyggð-Grettisgata. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir reitinn.

Umsögn

Bergþórugata 59 er íbúðarhús byggt árið 1934. Óskað er eftir að byggja litlar svarir á fyrstu hæð hússins samanber teikningu hér að ofan. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við fyrirspurnina. Öll hús sem eru byggð fyrir 1940 eru umsagnarskyldar þegar kemur að byggingarleyfis skyldum framkvæmdum. Vegna aldur hússins er gerð krafa um að minjastofnun geri umsögn um málið.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið, umsögn minjastofnunar þarf að fylgja með byggingarleyfisumsókn og samþykki meðeiganda. Ef byggingarleyfisumsókn berst verður erindið grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri